


Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hlíf Sigurjónsdóttir
fiðluleikari
Ólafur Spur Sigurjónsson
sellóleikari
og
Símon H. Ívarsson
gítarleikari



7. júlí 1992 kl. 20:30

Hlíf Sigurjónsdóttir lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1974, þar sem hún var nemandi Björns Ólafssonar. Að loknu framhaldsnámi í Bandarískjunum og Kanada starfaði hún víða, meðal annars í Pýskalandi og Sviss. Undanfarin ár hefur Hlíf verið búsett í Reykjavík og tekið virkan þátt í margs konar tónlistarflutningi og kennt fiðluleik við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

Ólafur Spur Sigurjónsson hóf nám sitt í sellóleik hjá Jóhannesi Eggertssyni og var síðan í Tónlistarskólanum í Reykjavík hjá Einari Vigfússyni. Ólafur lauk diplómprófi frá Tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn árið 1976, en aðalkennari hans þar var Erling Blöndal Bengtsson. Frá árinu 1980 hefur Ólafur starfað við Sinfóníuhljómsveitina í Málmey í Svíþjóð.

Símon H. Ívarsson stundaði framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Vínarborg og lauk þaðan einleikaraprófi vorið 1980. Hann hefur starfað í Sviss, Austurríki og Svíþjóð. Símon hefur sérhæft sig í flamenco-tónlist. Hann hefur meðal annars leikið inn á hljómplötur og hefur oft komið fram í sjónvarpi og útvarpi.

Efnisskrá

G.F. Händel
(1685 - 1759)

Sónata í a-moll fyrir fiðlu, gítar og selló
Larghetto
Allegro
Adagio
Allegro

J.S. Bach
(1685 - 1750)

Svíta nr. 3 í C-dúr fyrir einleiksselló
Prélude
Allemande
Courante
Sarabande
Bourrée I og II
Gigue

M.Giuliani
(1781 - 1829)

Sónata ópus 25 fyrir fiðlu og gítar
Maestoso
Stef með tilbrigðum, andantino
grazioso
Menuetto, allegretto
Rondo, allegretto